



Alþingi - nefndasvið
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Umsögn Reykjavíkurborgar um 60. mál, þingsályktunartillaga 152. löggjafarþing 2022-2023, Sundabraut.

Umsagnarbeiðni barst Reykjavíkurborg um þingsályktunartillögu um Sundabraut. Þakkar Reykjavíkurborg fyrir tækifærið til að koma umsögn um málið á framfæri.

Undirbúningur Sundabrautarverkefnisins hefur staðið yfir síðustu misseri í samstarfi Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar og er mikilvægum áföngum þegar lokið. Framundan eru margvíslegir lögbundnir ferlar vegna verkefnisins s.s. mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar umhverfismat, og frumhönnun vegna framkvæmda, breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur með tilheyrandi umhverfismati valkosta og gerð deiliskipulags. Í öllum þessum liðum verkefnisins skipar samráð og samtal við íbúa veigamikinn sess.

Sundabrautarverkefnið er kostnaðarsamt, umfangsmikið og flókið og mun hafa víðtæk áhrif sem samgönguframkvæmd. Því er mikilvægt að standa vel að öllum undirbúningi, tryggja að allir sem koma að verkefninu séu samstíga og sem mest sátt sé sköpuð um verkefnið. Einnig er mikilvægt að vandað sé vel til verka við gerð umhverfismats og kostir og gallar hvers valkostar og hönnunarúrlausna séu metnir. Meta þarf almenn áhrif framkvæmdarinnar á samfélag, byggð, umhverfi og náttúru í stóru samhengi og mikilvægt er að það sé gert í góðu samtali við hagsmunaaðila, íbúa í nágrenni við framkvæmdasvæðið sem og almenning í heild sinni. Reikna má með að umhverfis- og skipulagsferlar taki tvö ár hið minnsta. Í framhaldi af því þurfi að ráðast í verkhönnun verkefnisins.

Á grundvelli þess sem rekið hefur verið hér á undan er ekki talið raunhæft að flýta framkvæmdum við Sundabraut líkt og þingsályktunartillagan kveður á um en samkvæmt fyrirbyggjandi tímaferli er ekki hægt að gera ráð fyrir því að framkvæmdir hefjist fyrir en árið 2026.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngusjóri

**Alþingi, nefndasvið**

Austurvelli
150 Reykjavík

Tillaga til þingsályktunar um Sundabraut, umsögn við 60. mál á lögjafarþingi 2022-2023.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi Vegagerðinni til umsagnar tillögu til þingsályktunar um Sundabraut, 60.mál á 153. lögjafarþingi.

Í þingsályktuninni kemur fram að hraða skulu undirbúningi að gerð Sundabrautar og að framkvæmdir skuli hefjast eigi síðar en fyrir árslok 2023 og ljúki fyrir árslok 2027 og að Sundabraut skuli verða forgangsverkefni í samgöngubótum í landinu.

Vegagerðin vinnur nú að undirbúningi Sundabrautar og hefur innviðaráðherra skipað verkefnisstjórn með undirbúningnum sem Vegagerðin leiðir. Í verkefnisstjórninni eru fulltrúar Vegagerðarinnar, innviðaráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar er að hafa umsjón með og fylgja eftir undirbúningi framkvæmdarinnar með það að markmiði að framkvæmdir geti hafist árið 2026 og að Sundabraut verði tekin í notkun árið 2031.

Þessar tímasetningar gera ráð fyrir að nauðsynlegum undirbúningi verði lokið, þ.m.t. nauðsynlegum breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar ásamt mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna. Það ferli tekur að lágmarki eitt ár og er afskaplega mikilvægt að vandað sé til verka þar enda er samráð við nærumhverfi Sundabrautar, íbúa og atvinnulíf, lykill að því að verkefnið heppnist vel.

Framkvæmdaleyfi vegna vegaframkvæmda þarf að standa föstum fótum og ef ekki er vandað til verka er hættu á því að ágreiningur um skipulag eða framkvæmdaleyfi geti valdið töfum á upphafi framkvæmda og auknum kostnaði. Því er afskaplega mikilvægt að vandað sé til verka í þessu ferli. Þá tekur útboðsferli vegna stórrar framkvæmdar eins og Sundabrautar að lágmarki eitt ár.

Til þess að hægt sé að byggja Sundabraut sem brú yfir Kleppsvík milli Sæbrautar og Gufuness er nauðsynlegt fyrir Faxaflóahafnir að gera breytingar á hafnarsvæði Sundahafnar og taka þær undirbúningsframkvæmdir að lágmarki 2 ár.

Með hliðsjón af nauðsynlegum skipulagsbreytingum, umhverfismati framkvæmda, lengd útboðsferlis og undirbúningsframkvæmda telur Vegagerðin því að þær tímaáætlanir sem settar hafa verið fram séu raunhæfar. Mikilvægt er að vinna örugglega að undirbúningi og taka endanlega ákvörðun varðandi leiðaval um legu Sundabrautar yfir Kleppsvík í síðasta lagi sumarið 2023.

Sundabraut er tilgreind sem eitt af áhersluverkefnum í ríkisstjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar varðandi samgöngumál. Áætlaður kostnaður við Sundabraut á brú var um 70 ma.kr. og Sundabraut í göngum sem 84 ma.kr. á verðlagi ársins 2021. Áætluð heildarframlög til nýframkvæmda á vegakerfinu á tímabili fjármálaáætlunar 2023-2027 eru um 54 ma.kr. Ljóst er því að fjármögnun framkvæmda við Sundabrautar þarf að vera með öðrum hætti. Gert er ráð fyrir að Sundabraut sé fjármögnuð með gjaldtöku af notendum og voru lög um samvinnuverkefni í vegagerð samþykkt á Alþingi í júní 2020.

Síða 2/2

Undirbúningur er í gangi varðandi nýja samgönguáætlun og þar má gera ráð fyrir að gerð verði frekari grein fyrir stöðu Sundabrautar og fjármögnun undirbúnings.

Í janúar 2022 var lokið við greiningu á samfélagslegum ávinningi Sundabrautar og kom þar fram m.a. að heildarakstur á höfuðborgarsvæðinu gæti minnkað um allt að 150 þús./km á hverjum sólarhring við opnun Sundabrautar og að samfélagslegur ábati í formi minni aksturs, styttri ferðatíma, minni útblásturs reiknast sem um 200 ma.kr. á 30 ára tímabili.

Vönduð áætlanagerð og vandaður undirbúningur framkvæmda er lykillinn að vel heppnuðum framkvæmdum. Vegagerðin telur því óraunhæft að framkvæmdir við Sundabraut geti hafist fyrir árslok 2023 eins og kemur fram í þingsályktuninni. Vegagerðin tekur hins vegar undir það sem kemur fram í greinargerð með þingsályktuninni um að mjög mikilvægt sé að ákveða endanlega leiðaval þannig að hægt sé að standa við þær áætlanir sem settar hafa verið fram um Sundabraut. Til að þær áætlanir sem lagðar hafa verið fram um að framkvæmdir við Sundabraut hefjist árið 2026 standist er mikilvægt að endanleg ákvörðun um leiðaval liggja fyrir sumarið 2023.

Vegagerðin

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Bergþóra Þorkeldsdóttir, forstjóri

Undirskrift

